

**Ed.**

**374. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

**1. gr.**

Auk þeirra flutningabrauta, sem taldar eru í 2. gr. laga 22. nóv. 1907, um vegi, skal vera flutningabraut frá Reykjavík til Hafnarfjarðar milli lögsagnar-umdæmanna.

**2. gr.**

Sýslunefndin og hreppsnefndin í Vestmanneyjasýslu hafa á hendi sameiginlega alla stjórn vegamála innan sýslunnar.

Nefndirnar ráðstafa í sameiningu sýslu- og hreppsvegafjenu, ákveða hvar vegir skuli liggja og hafa umsjón og stjórn með vegagjörðum og viðhaldi vega.